



SOS Fréttablað 1. tölublað. 25. árgangur 2019
BARNAPÖRPIN

Öll börn vilja gott heimili



Takk

**73.427 Íslendingar
fyrir stuðninginn í 30 ár**


Hvað eru SOS Barnaporpin?

SOS Barnaporpin eru stærstu sjálfstæðu alþjóðlegu barnahjálparsamtök í heimi og eru óháð stjórnámálum og trúarbrögðum. Samtökin sérhæfa sig í að útvega munaðarlausum og yfirgefnum börnum heimili, foreldra og systkini og mæta öllum grunnþörfum þeirra.

Í dag búa 73.800 börn í 559 SOS barnaporpum um allan heim.



70 ára reynsla



**SOS
BARNAPORPIN**
Öll börn vilja gott heimili

Útgefandi: SOS Barnaporpin á Íslandi
Ábyrgðarmaður: Ragnar Schram
Ritstjóri: Hans Steinar Bjarnason
Umbrot: Emil Hreiðar Björnsson / Grafiker.is
Prentun: Oddi
Prófarkarlestur: Ragnar Ingi Aðalsteinsson

Fréttablað SOS Barnaporpanna á Íslandi kemur út þrisvar á ári og er liður í fjáröflun samtakanna. Þessu tölublaði (nr. 1/2019) er dreift á öll heimili á landinu í tilefni af 30 ára afmæli SOS á Íslandi.
SOS Barnaporpin, Hamraborg 1, Kópavogi. Sími 5642910 / sos@sos.is / www.sos.is

SOS Barnaporpin á Íslandi 30 ára

Það sem við höfum gert
saman á Íslandi í 30 ár



21.133 - börn í SOS barnaporpum hafa átt íslenska styrktarforeldra



73.427 - Íslendingar hafa gefið framlög til samtakanna



76.262 krónur - meðalframlag styrktaraðila



5,6 milljarðar - heildarframlög til SOS á Íslandi frá 1989



7,3 milljarðar - heildarframlög á uppreiknuðu núvirði

Ávarp framkvæmdastjóra

73.427 Íslendingar!

Hvers vegna skyldu svo margir Íslendingar hafa valið að styðja við bakið á SOS Barnaporpunum – og flestir til margra ára?

Það er meðal annars vegna þess að:

- SOS taka að sér og mæta ÖLLUM grunnþörfum tugþúsunda barna sem höllustum fæti standa, þ.e.a.s. eiga engan að.
- Styrktarforeldrar fá að fylgjast með uppvexti „síns“ barns og geta jafnvel heimsótt barnaporpið.
- Árangurinn er gríðarlegur. Þúsundir munaðarlausra og yfirgefna barna hafa fengið frábæran grunn fyrir sjálfstætt líf og eru í dag með atvinnu og hafa stofnað eigin fjölskyldur.
- 825 krónur af hverjum 1.000 krónum sem Íslendingar gefa til SOS fara úr landi til að hjálpa börnum í þeirra heimabyggð í fátækari ríkjum heims.

Takk fyrir að standa með okkur og börnunum! Við skuldbindum okkur til að vinna að velferð þeirra og fara vel með það fjármagn sem þið leggið okkur til – eins og við höfum nú gert í 30 ár!

Ragnar Schram
Framkvæmdastjóri



STYRKAR-FORELDRAR

Sem styrktarforeldri borgarðu 3.900 krónur á mánuði og fjármagnar þannig framfærslu eins barns í SOS barnaborpi. Barnið eignast heimili og fjölskyldu, sækir nám og fær öllum grunnþörfum sínum mætt. Þú færð reglulega sendar myndir og fréttir af barninu og getur sent því bréf og gjafir og heimsótt það. 85% upphæðarinnar af framlagi þínu renna óskipt til barnsins. 15% framlagsins nýtast í umsýslu, eftirlit með barnaborpunum og öflun nýrra styrktaraðila.

Tviburabræðurnir Ísak og Samúel búa í SOS barnaborpinu í Hawassa í Eþíópíu. Þeir eiga íslenska styrktarforeldra.

Vildi sjá í hvað peningurinn fer

Margir styrktarforeldrar nýta sér rétt sinn til að heimsækja styrktarbörnin sín og er sú lífsreynsla ógleymanleg. Þurý Bára Birgisdóttir hefur sl. 4 ár styrkt dreng í barnaborpinu Bhuj á Indlandi sem hún heimsótti í nóvember síðastliðnum ásamt Ingibjörgu systurdóttur sinni.

“Ég hugsaði með mér að nú ætti ég að gera eitthvað gott í heiminum. Eitthvað sem skiptir máli. Mig langaði að sjá í hvað peningurinn er að fara og við bjuggum til pláss í ferðaáætluninni fyrir heimsókn í þorpið.

Hún segir þær frænkur hafa báðar orðið fyrir djúpstæðum áhrifum í heimsókninni og Ingibjörg hafi skráð sig sem styrktarforeldri strax eftir heimsóknina.

Tveggja sólarhringa ferðalag til að hitta styrktarforeldri frá Íslandi

Styrktarsonur Þurýjar er 19 ára og sækir verkfræðinám í heimavistarskóla sem tekur sólarhring að ferðast til frá barnaborpinu. Hann gerði sér sérstaka ferð í þorpið og aftur í skólann, eingöngu til að hitta Þurý.

“Ég fann að það skipti hann mjög miklu máli að úti í hinum stóra heimi væri einhver sem lætur sig líf hans varða. Fyrir mér eru það verðlaunin mín hvað honum gengur vel í náminu. Þarna er ungur maður sem er ákveðinn í því að gera eitthvað í lífinu. Að fá að vera þínúlltill hluti af því skiptir mig rosalega miklu máli.



BARNABORPSVINIR

Sem barnaborpsvinur styrkir þú eitt ákveðið SOS barnaborp S með mánaðarlegu framlagi sem nemur 3.400 krónum. Tvisvar á ári færðu senda skýrslu um lífið í barnaborpinu þínu og helstu viðburði sem þar hafa átt sér stað. Framlag þitt fer í að greiða ýmsan kostnað við daglegan rekstur þorpsins svo tryggja megi öryggi og velferð þeirra barna sem þar búa.

85% framlags Barnaborpsvinnar renna óskipt til þorpsins. 15% af framlögunum nýtast í umsýslu, eftirlit með þorpunum og öflun nýrra styrktaraðila.

NÁNAR Á WWW.SOS.IS

FJÖLSKYLDUVINIR

Fjölskylduvinir styrkja Fjölskyldueflingu SOS Barnþorpanna og aðstoða þannig sárafátækar fjölskyldur í leið sinni að sjálfbærni og sjálfstæði. Sem fjölskylduvinur SOS hjálpar þú foreldrum að mæta grunnþörfum barna sinna og stuðlar að menntun barnanna og foreldranna.



Þessi fimm systkini í Iteya í Eþíópíu eru ásamt foreldrum sínum í Fjölskyldueflingunni sem SOS á Íslandi fjármagnar.

Fjölskylduvinir SOS ráða sjálfir upphæðinni sem þeir greiða mánaðarlega til að hjálpa fjölskyldunum. Að lágmarki 80% upphæðarinnar renna óskipt til

verkefnanna. Að hámarki 20% framlagsins eru nýtt í umsýslu og öflun nýrra Fjölskylduvina.

SOS Barnþorpin eru með 574 Fjölskyldueflingarverkefni sem hjálpa


505 þúsund manns í 98 þúsund fjölskyldum. SOS á Íslandi fjármagnar þrjú af þessum verkefnum með stuðningi Utanríkisráðuneytisins og er móttframlag SOS fjármagnað af Fjölskylduvinum.

FRJÁLS FRAMLÖG



Frjáls framlög

SOS Barnþorpin á Íslandi fjármagna fjölmörg verkefni víða um heim með frjálsum framlögum, allt í þágu barna, með neyðaraðstoð eða uppbyggingu innviða. Frjáls eða stök framlög eiga t.d. við um valkröfur í netbanka, bein framlög inn á reikning SOS, sölu á jóla-, gjafa- og minningarkortum og ýmsum varningi í vefverslun á heimasíðu okkar. Á bilinu 80-85% af framlögunum fara í þessi verkefni og 15-20% fara í rekstur skrifstofunnar hér á landi og öflun nýrra styrktaraðila.



Erfðagjafir

SOS Barnþorpin hafa veitt fjölda umkomulausra barna nýtt líf vegna erfðagjafa frá stuðningsaðilum. Slíkum gjöfum getur fylgt mikill ávinningur bæði fyrir gefendur og þiggiendur. Viljir þú kynna þér slíkar gjafir biðjum við þig um að hafa samband við Ragnar á skrifstofu SOS Barnþorpanna í síma 564 2910.

Ávarp ritstjóra

Hörð lending

Fjölskylduefning SOS

Lendingin var mjúk í Addis Ababa, höfuðborg Eþíópíu, við sólarupprás að morgni 1. febrúar sl. eftir 13 tíma ferðalag frá Íslandi. Við Ragnar framkvæmdastjóri SOS vorum komnir til að gera úttekt á Tulu Moye-Fjölskylduefningunni sem við fjármögnum sunnar í landinu.

Þessi stórborg í fjarlægju Afríkulandi er eins og ég hafði ímyndað mér. Alls staðar var fólk og fara þarf varlega til að keyra ekki á fólk og dýr. Hvert þorpið við þjóðveginn rekur annað og mér fannst fátæktin aukast eftir því sem lengra var ekið. Og sú var raunin.

35 krónu rútimiði of dýr

Áfangastað okkar var náð eftir 2 tíma akstur. Við vorum komnir í smábæinn Iteya.

Parna og í Tero Moye, smáborpi 20 km frá þjóðvegnum, hjálpum við 560 sárafatækum barnafjölskyldum að verða sjálfbærar. Í þeim eru yfir 1600 börn. Í Tero Moye hittum við fólk sem þurfti þar til nýlega að ganga nokkurra km. leið eftir vatni en nú hefur verið lagt fyrir vatnsbrunnur í þorpinu. Margir íbúar ganga frekar 20 km. leiðina til Iteya eftir nauðsynjarvörum en að borga 35 króna fargjald í rútu.

Þetta er nægjusamt fólk en stærstu áhyggjur foreldranna eru þær sömu hjá öllum. Að börnin þeirra geti ekki menntað sig og komist út úr þessum vítahring fátæktar. Börnin hafa þurft að taka þátt í tekjuöflun fyrir heimilið og það kemur niður á skólagöngu.

Þakklát Íslendingum

Líf þeirra er samt betra í dag en það var fyrir einu ári og þessar fjölskyldur eru meðvitaðar um að það er okkur Íslendingum að þakka. Úttekt okkar leiddi í ljós að skólasókn barnanna hefur rokið upp í 95%, dregið hefur úr vannæringu barna, aðgengi er mun betra að vatni og hreinlætisaðstöðu, fjölskyldurnar eru meðvitaðri um mikilvægi menntunar, kynjajafnrétti og meðferð fjármuna.



Við erum ykkur svo þakklát. Vonandi haldið þið áfram að hjálpa okkur,

sagði Sadije sem þénar mest 400 krónur á „góðum degi“ af sölu á korni.

Nýfædd dóttir hennar lá á skítugri dýnu á gólfinu inni í 10 fermetra húsi þessarar fimm manna fjölskyldu. Ég fann á þessu augnabliki raunverulega hvar ég var lentur. Og þessi lending var hörð.

Framlögum vel varið

Ég tek undir orð hennar Sadije. Vonandi höldum við áfram að hjálpa þessum fjölskyldum því við getum það. Ég hélt aftur heim til Íslands sannfærður um að við erum að gera rétt og stoltur af Fjölskylduvinum SOS á Íslandi fyrir að vera með okkur í þessu verkefni.

Hans Steinar Bjarnason
Ritstjóri og upplýsingafultrúi SOS



Nýfædd dóttir Sadije lá á skítugri dýnu á gólfinu inni í 10 fermetra húsi þessarar fimm manna fjölskyldu.

SOS BARNABORPIN Á ÍSLANDI 2018

4% Íslendinga eldri en 18 ára eru Styrktarforeldrar SOS Barnaborpanna*

75% íslenskra styrktarforeldra eru konur

28.972 einstaklingar styrktu SOS Barnaborpin á Íslandi árið 2018. Það eru 11% af Íslendingum 18 ára og eldri*

90% af framlögum eru frá einstaklingum

8.678 börn í SOS barnaborpum eiga íslenska styrktarforeldra

433 SOS barnaborp í 108 löndum eru styrkt af Íslendingum

599,4 millj. kr. heildarframlög og tekjur **



*miðað við fjólksfjölda 1. desember 2018; Hagstofa Íslands

** Skv. Ársreikningi 2017. Ársreikningur 2018 væntanlegur á www.sos.is

Hvað verður um framlagið þitt?



825 krónur af hverjum 1.000 krónum

fara í framfærslu og velferð barna í 108 löndum. 175 krónur af þúsundkallinum fara í kostnað og öflun nýrra styrktaraðila á Íslandi.*

*Meðaltal skv. ársreikningum sl. 4 ára

30
ár á Íslandi



SOS
BARNAPORPIN
Öll börn vilja gott heimili

www.sos.is